

neitun sína og fór ákærður nokkru síðar frá þeim, án þess að hafa fengið þá til þess að gefa nokkra yfirlýsingu.

Bræðurnir gáfu síðan fyrnefndum lögfræðing vottorð um það, sem þeim og ákærdum hafði farið á milli ofangreint kvöld, og óskaði hann þá rannsóknar á málinu. Hafa báðir bræðurnir, Jóhannes Ólafur og Þorleifur Benedikt staðfest ofangreindan framburð sinn með eidi eftir löglegan undirbúning.

Ákærður hefir neitað því staðfastlega að hafa farið fram á það við bræðurna, að þeir gæfu honum yfirlýsingu með ofangreindu efni, eða að hann hafi boðið þeim fje til slíks, og kveður hann framburð þeirra um það, sem gerst hafi milli sín og þeirra fyrgreint kvöld, vera algjörlega rangan, en gegn eidfestum framburði þeirra verður sú neitun ekki tekin til greina og í málinu er ekkert það framkomid, er hnekkst geti framburði þeirra sem lögfullra vitna.

Framantalið brot ákærðs, sem með dómi hæstarjettar 1. september 1924 var dæmur til 20 daga fangelsisvistar við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn ákvæðum 156. sbr. 53. og 46. gr. hinna almennu hegningarlaga, en eigi hefir sætt ákæru eða refsingu fyrir önnur brot, ber að áliti rjettarius að heimfæra undir 147. gr. sbr. 53. og 46. gr. fyrnefndra laga og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið hæfilega ákveðin 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Svo greiði og ákærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 40 krónur í málsvarnarlauð til skipaðs talsmanns síns hjer í rjettinum Gunnars E. Benedikts-sonar cand. juris.

Á máli þessu hefir enginn ónaudsýnlegur dráttur orðið.

Mánudaginn 15. nóv. 1926.

Nr. 42/1926. **Þórarinn Þorvarðarson** (B. P. Kalman)
gegn

Ársæli Árnasyni og Jóni Laxdal
(L. Fjeldsted).

Um rjett til andvirðis gripa, er veðsettir voru og afhentir stefndu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. ágúst 1925:

Stefndir Ársæll Árnason og Jón Laxdal eiga að vera sýknir af kröfum stefnandans, Þórarins Þorvarðssonar í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 29. apríl þ. á., að fengnu uppreistarleyfi dags. 15. s. m., og hefir áfrýjandi fengið gjafsókn og skipaðan málflutningsmann.

Með því að afhendingu þeirri á nokkrum kúm til Ársæls Árnasonar, er áfrýjandi byggir rjett sinn á, hefir eigi verið rift samkvæmt 32. gr. laga 13. apríl 1924 um gjaldprotaskifti, þá verður hún að teljast jafn bindandi fyrir áfrýjanda sem fyrir protabú Guðmundar Þorlákssonar.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða hinum stefndu málskostnað í hæstarjetti, er ákveðst 100 kr., en málflutningslaun hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, 80 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandi Þórarinn Þorvarðsson greiði hinum stefndu Ársæli Árnasyni og Jóni Laxdal 100 kr. í málskostnað í hæstarjetti. Málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, Björns P. Kalman, 80 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Þessum dómi skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum. _____

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilraun og að fengnu gjafsóknarleyfi höfðað fyrir bæjapinginu með stefnu útgefinni 27. nóvember f. á. af Þórarni Þorvarðssyni, Njálsgötu 4 B, hjer í bæ gegn þeim Ársæli bóksala Árnasyni, Vesturgötu 33, og Jóni Laxdal, kaupmanni, Sólheimum við Tjarnargötu, báðum hjer í bæ. Hefir stefnandi gjört þær kröfur í málinu, að stefndir verði in solildum, pro rata eða hvor í sínu lagi, dæmdir til þess að greiða honum kr. 1622,81 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati rjettarins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu hafa aðallega krafist frávísunar málsins en til vara að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í því. Svo hafa þeir og krafist riflegs málskostnaðar hjá stefnanda hvernig sem málið fer.

Stefnandi skýrir svo frá tildrögum málsins, að í byrjun októbermánaðar árið 1921 hafi Guðmundur Þorláksson á Korpúlfsstöðum framselt bú sitt til skiftamedferðar sem protabú, og hafi stefnandi því átt kaupkröfu á Guðmund að upphæð kr. 1680,00, er hann hafi lýst í búið og gert kröfu til að fá greidda. Við skifti á búinu 24. desember 1922 hafi honum verið úthlutað upp í kröfuna kr. 57,19 og standi því eftir kr. 1622,81.

Nú kveður stefnandi það hafa verið upplýst í sakamálsrannsókn og máli, sem höfðað hafi verið gegn Guðmundi, og enn fremur á skiftafundum í búinu, að stefndur Ársæll Árnason hafi fengið afhentar, um það bil er Guðmundur framseldi bú sitt til gjaldprotaskifta, 4 kýr upp í veðskuld, er á þessum kúm hvíldi til Ársæls. Ennfremur hafi hann og fengið afhent um það leyti ýmsa lausafjármuni úr búinu. Síðar hafi komið í ljós að þær 4 kýr, er afhentar voru Ársæli hafi verið veðsettar stefndum Jóni Laxdal, samkvæmt eldra þinglesnu veðbrjefi. Kveðst stefnandi ásamt Jóni Laxdal hafa krafist þess á skiftafundi í búinu, að innheimt yrði í búið andvirði þeirra 4 kúa, er Ársæli voru afhentar, en úrskurður skiftaráðanda hafi fallið í þá átt, að þar eð fyrir sjáanlegt væri að innheimtan yrði ekki framkvæmd nema með málsókn, sem búið hefði ekki efni á að kosta, þá ætlaði það að leiða hjá sjer þann málarekstur, en jafnframt hafi stefnanda og Jóni Laxdal verið heimilað að innheimta andvirðið á sinn kostnað, en protabúinu óviðkomandi að öllu leyti.

Eftir að úrskurður þessi var fallinn, kveður stefnandi Jón

Laxdal hafa höfðað mál gegn Ársæli Árnasyni til greiðslu andvirðis kúnna, en því máli muni hafa lokið með utanrjettarsátt þannig, að Ársæll muni hafa greitt Laxdal nokkurn hluta eða allt andvirðið.

Telur stefnandi kröfu sína í búið hafa verið forgangekröfu, sem hafi átt að ganga fyrir skuldum, er tryggðar voru með veðrjetti í lausafje búsinu, og eigi hann því kröfu til að stefndu endurgreiði sjer svo mikið af andvirði kúnna, sem nægi til lúknugar kröfu hans.

Kröfur sínar í málinu byggir stefndur á því, að nefnt protabú eigi eitt aðild þessa máls en stefnandi ekki, að frestur sá, sem ákveðinn er í lögum nr. 7, 13. apríl 1894, 32. gr. hafi verið löngu liðinn er mál þetta var höfðað og að riftingarmál eins og þetta eigi að höfðast fyrir gestarjetti. Ennfremur halda þeir því fram, vð hinn áðurnefndi skiftarjettarúrskurður verði að teljast endanlegur og geti rjetturinn því ekki kveðið upp efnisdóm í málinu.

Samkvæmt 32. gr. laga nr. 7, 13. apríl 1894 er svo ákveðið að mál til riftunar á ráðstöfunum gjaldprotas manns skuli höfða innan 4 eða 12 vikna frá því að málssókn er ákveðin á skiftafundi, en eins og að framan greinir er ákvörðun skiftarjettar á þá leið að búið skyldi ekki sjálfst höfða riftunarmál. Vitanlega gat stefnandi þá höfðað riftunarmál sjálfur, en allar ástæður virðast mæla með því að slíkt mál verði einnig að vera höfðað innan þeirra tímatakmarka, sem sett eru í greinniðinu. Þetta hefir ekki verið gert og verður því að álitu dómarsans að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 19. nóv. 1926.

Nr. 72/192. **Hjalti Jónsson f. h. h/f. Kol & Salt**
(Lárus Jóhannesson)

gegn

Magnúsi Sigurðssyni, Ludvig Kaaber og Georg Ólafssyni f. h. Landsbanka Íslands og Sparisjóðs Árnassýslu (Pjetur Magnússon).

Út af eiðvinningu.

Úrskurður gestarjettar Reykjavíkur 17. maí